

ekki er upplýst í málinu, að stefnandi hafi farið ferð þessa eftir beiðni stefnds, eða umboðsmanns hans, þá verður að taka þessa frádráttarkröfu stefnds til greina.

Þá hefir stefndur mótmælt forvöxtum og stimpilgjaldi, að upphæð kr. 986.00 og 8 % vöxtum frá $\frac{1}{7}$ til $\frac{17}{10}$ 1925, að upphæð kr. 1304.67. Stefnandi hefir viðurkennt, að kr. 835.00 af fyrgreindri upphæð eigi að falla niður.

Rétturinn verður nú að líta svo á, að taka verði þessa frádráttarkröfu stefnds, að upphæð kr. 986.00 og kr. 1304.67, samtals kr. 2290.67 til greina, enda bera bankanótur þær, sem fram hafa verið lagðar í málinu ekki með sér, að víxlar þeir, sem þar eru tilfærðir hafi verið seldir bankanum vegna þessara viðskifta. Hinsvegar telur rétturinn, að ekki verði hjá því komizt, að stefnanda verði tildæmdir 6 % vextir af inneign hans hjá stefndum frá 1. júlí 1925 að telja til greiðsludags.

Eftir þessu lækka dómkröfur stefnanda um kr. 100.00 plus kr. 113.06 plus kr. 140.67 plus kr. 190.00 plus kr. 1000.00 plus kr. 986.00 plus kr. 1304.67, eða samtals um kr. 3834.40 og verða samkvæmt því kr. 41884.21 ÷ kr. 28240.45 = kr. 13643.76.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að ákveða, að stefndur greiði stefnanda kr. 1200.00 í málskostnað.

Kyrsetningargjörð sú, er fram fór 18. okt. 1925 í skipinu „Baden“, staðfestist.

Dráttur sá, er orðið hefir á dómsuppsögn í málinu, statar af önnum sjóðómsformannsins, enda málið umfangsmikið og þurfti fyrst að ganga í milli dómendanna til athugunar og yfirlesturs.

Föstudaginn 14. júní 1229.

Nr. 55/1928.

Valdstjórnin (Pétur Magnússon)

gegn

Martin Woldmann (Lárus Fjeldsted).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 4. júní 1928: Kærði, Martin Woldmann, á að greiða innan fjöggra vikna 12500.00 kr. sekt í Landhelgisjórð Íslands, en afplána hana með sjö mánaða einföldu fangelsi, fáið hún ekki greidd.

Auk þess skulu öll veiðarlæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í togaranum »Nienstedten«, S. D. 63 frá Altona verða upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Ennfremur greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Að því athuguðu, að forstöðumaður stýrimanna-skólans hefir sett mælingar og miðanir varðskipsins »Óðins« út í sjóuppdrautt, sem lagður hefir verið fram í hæstarétti, er það bert, að kærði hefir, eftir nefndum athugunum varðskipsins, dregið botnvörpu sína um landhelgissvæðið út af Meðallandssandi 1. júní f. á. Kærði sást ekki aðeins sigla út frá landi á stjórnborða varðskipsins, er það gjörði fyrri staðarathugun. sína, kl. 8.53 árd., á leið vestur með landi í réttv S. 36° V. og um $\frac{1}{2}$ mílu innan landhelgi, heldur reyndist dufl það, sem varðskipið hafði sett út, kl. 9.10 árd. nefndan dag í kjölfar kærða, eftir að hann hafði siglt út frá landinu með botnvörpu í eftirdragi í 17 mínútur, sennilega með 2, 5—3 sjómilna hraða, í mörkum landhelgislinunnar. Og þessari niðurstöðu er hvorki hnekkð með skýrslu kærða fyrir lögregluréttinum í Vestmannaeyjum, né heldur með skýrslu skipshafnar hans fyrir sjóréttinum í Altona.

Það ber því að staðfesta lögregluréttardóminn, og verður kærði eftir þeim úrslitum að greiða allan kostnað sakarinnar í hæstarétti, meðal annars 100 kr. til hvors, sækjanda og verjanda.

Það athugast, að málið hefir verið lengi á vegum verjanda, en þar sem hann hefir upplýst, að drátturinn var ekki honum að kenna, þykir ekki ástæða til frekari aðgjörða.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Martin Woldmann, sæti 12500 kr. sekt til Landhelgisssjóðs, er afplánist með 7 mánaða einföldu fangelsi, verði sektin ekki greidd innan eins mánaðar frá birtingu dóms þessa. Að öðru leyti á lögregluréttardóminum að vera óraskað.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna, Péturs Magnússonar og Lárusar Fjeldsted, 100 kr. hvorum.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Samkv. skýrslu skipherrans á varðskipinu Óðni var kærði í þessu máli, Martin Woldmann, f. 14. jan. 1901, kl. 8,53 árd. hinn 1. þ. m. staddur á landhelgisssvæðinu út af Sjávarmelum á skipi sínu togaranum »Nienstedten«, S. D. 63 frá Altona. Athugun þessa byggir foringi varðskipisins á því, að kl. 8.53 var gjörð þessi staðarákvörðun um það hvar Óðinn var þá.

Sjómerkið á Sjávarmelum í r. v. S 69^o V. og Sæluhúsið við Eldvatnsós í r. v. N 10^o V. -

Var Óðinn þá skv. þessu 0,5 úr sm. fyrir innan landhelgislinuna. En þar sem Óðinn var þá á vesturleið og togarinn að sjá rétt á stjórnborða, hlyti hann einnig að vera á landhelgisssvæðinu vegna þess, að togarinn, eins og siðar kom í ljós, var minna en í 6 sjómilna fjarlægð. En alla þá leið lá lina í þeirri stefnu á landhelgisssvæðinu. Á nefndum tíma, kl. 8.53, sást togarinn beygja út frá landinu, en kl. 9,10 árd., var sett út boja í kjölfar togarans og nokkru siðar ákveðinn staður bojunnar, sem eftir því reyndist rétt á landhelgislinunni, en þó frekar innan við hana.

Kærði hefur viðurkennt að hafa verið að toga um það leyti og nokkru áður en varðskipið stöðvaði hann, kl. 9,11 árd., en hinsvegar hefir hann ekki viljað viðurkenna mælingar varðskipisins réttar, og hefir haldið fram að hafa verið **tæpri sm.**

fyrir utan landhelgislinuna, þegar hann var stöðvaður. Byggir hann þetta, á því, að hann hafi mælt hæðarhornið frá sér til nefnds sjávarmerkis- 9' og miðað stefnu þess eftir kompás sínum i NV til V, en dýpið 138 mtr.

Við athugun á uppdrætti kærða, sem hann hefir farið eftir, kom i ljós, að nefnt sjávarmerki á Sjávarmelum er rangt staðsett. En enda þótt farið sé eftir þessu og mælingum kærða, verður staður togarans hjá bojunni samt ekki nema ca. 0.2 úr sm. fyrir utan linuna eftir athugunum skipherra varðskipsins — gjörðri (sic) eftir að rannsókn var lokið.

Litið burt frá þessu verður rétturinn að telja, að þessar athuganir kærða geti ekki komið til greina gegn mælingum skipherra varðskipsins, bæði vegna þess, að þær eru eftir eðli sínu ekki eins ábyggilegar og svo einnig vegna þess, að kærði lét ekki ábyrga menn af varðskipinu fylgjast með þeim, þegar hann gerði þær, enda þótt það væri innan handar.

Það verður því skv. því, sem að framan er greint, að telja nægilega sannað i málinu, að kærði hafi togað á landhelgis-svæðinu og með því gjörzt brotlegur gegn 1. gr. 1. nr. 5, 18. maí 1920. Þareð um er að ræða fyrsta brot kærða á lögum þessum, og með hliðsjón af því, að dagsgengi krónunnar er kr. 00,8215 úr gullkrónu, telst refsing hans hæfilega ákveðin sekt, að upphæð kr. 12500.00 sem greiðist innan 4 vikna, en afplánist með 7 mánaða einföldu fangelsi, fáist hún ekki greidd, og rennur i Landhelgissjóð Íslands. Auk þess skulu öll veiðar-færi, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs i áðurnefndum togara vera upptækt og andvirðið renna i sama sjóð. Ennfremur greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Mánudaginn 17. júní 1929.

Nr. 42/1929.

Einar M. Jónasson (Sjálfur)

gegn

J. Þorláksson & Norðmann, Finni

Thorlacius og Birni Þórðarson

(Lárus Fjeldsted og Magnús Guðmundsson).

Skaðabætur.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 15. maí 1929: